



# Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum

STÖÐUMAT 2020  
AGNES ARNARDÓTTIR

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b> .....	3
<b>Hugmyndin</b> .....	4
<b>Tilgangur, markmið, árangursmat</b> .....	5
Tilgangur:.....	5
Markmið:.....	5
Árangursmat:.....	5
<b>Hugtök – skilgreiningar</b> .....	6
<b>Greining eftir stöðum</b> .....	7
<b>Ísafjarðarbær</b> .....	8
<b>Ísafjörður</b> .....	8
Staðan í dag.....	9
Möguleikar .....	9
Niðurstaða .....	10
<b>Hnífsdalur</b> .....	10
Staðan í dag.....	10
Möguleikar .....	11
Niðurstaða .....	11
<b>Suðureyri</b> .....	11
Staðan í dag.....	12
Möguleikar .....	12
Niðurstaða .....	12
<b>Flateyri</b> .....	13
Staðan í dag.....	13
Möguleikar .....	14
Niðurstaða .....	14
<b>Pingeyri</b> .....	14
Staðan í dag.....	15
Möguleikar .....	15
Niðurstaða .....	16
<b>Bolungarvík</b> .....	16
Staðan í dag.....	16
Möguleikar .....	17
Niðurstaða.....	17
<b>Súðarvíkurhreppur</b> .....	18

Staðan í dag.....	18
Möguleikar .....	19
Niðurstaða.....	19
<b>Kaldrananeshreppur .....</b>	<b>19</b>
Staðan í dag.....	19
Möguleikar .....	20
Niðurstaða.....	20
<b>Hólmavík/Strandabyggð .....</b>	<b>20</b>
Staðan í dag.....	20
Möguleikar .....	21
Niðurstaða.....	22
<b>Reykhólahreppur .....</b>	<b>22</b>
Staðan í dag.....	22
Möguleikar .....	23
Niðurstaða.....	23
<b>Vesturbyggð .....</b>	<b>23</b>
<b>Patreksfjörður.....</b>	<b>24</b>
Staðan í dag.....	24
Möguleikar .....	25
Niðurstaða .....	25
<b>Bíldudalur.....</b>	<b>26</b>
Staðan í dag.....	26
Möguleikar .....	26
Niðurstaða .....	27
<b>Tálknafjörður.....</b>	<b>27</b>
Staðan í dag.....	27
Möguleikar .....	28
Niðurstaða.....	28
<b>Kostnaðargreining.....</b>	<b>28</b>
<b>Lokaorð.....</b>	<b>29</b>
<b>Stutt yfirlit yfir aðstöðu í starfandi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvum á Vestfjörðum.....</b>	<b>30</b>
<b>Heimildir:.....</b>	<b>31</b>

## Samantekt

Vestfjarðastofa/ Fjórðungssamband Vestfirðinga sótti um og fékk styrk úr Byggðaáætlun 2018 til verkefnis sem hafði yfirskriftina nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar. Markmið verkefnisins var að kanna hvernig staðan væri á slíkum miðstöðvum á Vestfjörðum og hvort og þá hvernig grundvöllur væri fyrir slíkum miðstöðum víðvegar á svæðinu. Þegar vinna við verkefnið hófst var ljóst að fyrst þyrfti að skoða hvað felst í hugtökum eins og nýsköpunarmiðstöð, samfélagsmiðstöð og þróunarsetur og eru hér settar fram tillögur að skilgreiningum á þeim. Auk þess er horft til þess að með verkefninu verði hægt að hefja undirbúning að uppbyggingu 3-5 nýrra öflugra og skapandi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar í smærri byggðakjörnum á Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög og einkaaðila. Fyrsti hluti verkefnisins og sá sem styrktur var, var þó tileinkaður stöðumati og eflingu starfandi miðstöðva.

Með öflugum nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvum í byggðakjörnum um alla Vestfirði getur orðið til vettvangur sem getur stutt við markmið stjórnvalda, sem koma fram í byggðaáætlun, um jafnt aðgengi að þjónustu. Slíkar miðstöðvar geta einnig stutt við markmið stjórnvalda um jöfn tækifæri til náms og atvinnu. Í byggðaáætlun 2018-2024 B.7 Störf án staðsetningar kemur einnig fram stefna stjórnvalda í eflingu byggðar sem m.a. felst í fjölbreyttari starfsmöguleikum. Stjórnvöld gáfu tóninn með því að setja sér það verkefnismarkmið m.a. „að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024, þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum“.

Möguleikar á því að skapa störf án staðsetningar eru ekki einvörðungu bundnir við opinber störf heldur getur þessi möguleiki einnig verið fýsilegur kostur fyrir atvinnulífið almennt. Í dag eru til margskonar störf sem ekki eru bundin sérstökum stöðum eða löndum, einstaklingar geta sinnt sínum störfum í gegnum netið hvar sem er í heiminum. Vinna „hvar sem er“ er aðeins raunverulegur kostur ef til staðar er grunnaðstaða. Þetta er eitt af lykilatriðum byggðapróunar um allt land ekki síst þar sem mikil fólksfækkun hefur átt sér stað og fábreytt atvinnulíf. Nýsköpunar-, þróunar- og samfélagsmiðstöðvar geta verið góður vettvangur fyrir slíkt.

Á Vestfjörðum eru nú þegar starfandi nokkrar slíkar stöðvar með mismunandi fyrirkomulagi og rekstrarformi. Á Hólmavík, á Patreksfirði, í Tálknafirði, á Ísafirði, í Bolungarvík og á Þingeyri eru nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar sem fjallað verður nánar um hér í þessari greinargerð.

Vænst er að árangur af þessu verkefni verði að slík aðstaða verði til staðar á fleiri stöðum, sem gætu því orðið valkostir til að stunda störf án staðsetningar. Stöðvar þær sem hér er fjallað um og stefnt að því að byggja upp eru mikilvægur liður í að ná þeim markmiðum sem nefnd eru í byggðaáætlun. Það að slík aðstaða sé fyrir hendi, gerir opinberum stofnunum og atvinnulífinu almennt auðveldara fyrir að gera starfsmönnum sínum kleift að starfa út á landi. Fyrir starfsmennina er mikilvægt að vera hluti af samfélagi frekar en að vera einn á vinnustað eða vinna heiman frá sér. Þannig má frekar færa eitt til tvö störf í einu en heilan vinnustað.

Fyrsti fasi verkefnisins er greining með kortlagningu á aðstæðum í öllum byggðakjörnum Vestfjarða, sem byggjast á viðtölum við heimamenn, sveitastjórnir og þjónustuaðila. Þetta er nauðsynlegt til að fá heildaryfirsýn yfir starfsemi í öllum byggðakjörnum og mat á þörf. Sú úttekt sem hér er birt er niðurstaða þeirrar kortlagningar. Mikilvægt er að hver eining verði byggð upp á forsendum þess byggðakjarna sem hýsir starfsemina.

Starfsmaður verkefnisins er einn, en honum til aðstoðar var stofnaður undirbúningshópur fjögurra einstaklinga (ráðgjafahópur) sem komu frá mismunandi byggðakjörnum á Vestfjörðum. Allir fulltrúar undirbúningshópsins áttu það sameiginlegt að þekkja vel til slíkarar starfsemi. Fulltrúar í hópinn voru valdir út frá ólíku formi þróunar- nýsköpunar- eða samfélagsmiðstöðva. Fulltrúar voru frá sveitarstjórnarstiginu, einkafyrirtæki, sjálfseignastofnun og notandi þróunarseturs ásamt því að vera einn af stofnendum slíks seturs.

## Hugmyndin

Miklar breytingar hafa orðið á fjölmörgum tegundum þjónustustarfsemi og hefur stór hluti þjónustu færst á netið eða til stærri byggðakjarna. Útibúum ríkisstofnana og banka hefur verið lokað sem og verslanir, sem allt takmarkar enn meira en áður úrval starfa á þessum stöðum. Þessi þróun hefur því þau áhrif að þjargir byggðanna minnka enn frekar. Verkefnið felst í að stuðla að því, að í sem flestum byggðakjörnum á Vestfjörðum verði vettvangur þjónustu, sköpunar og frumkvöðlastarfs. Staður sem er opin íbúum jafnt sem gestum, þar sem starfsemin er miðuð að þeim tiltekna byggðakjarna og á að vera svar við þeim þörfum sem þar eru til staðar. Hugmyndin er að sveitarfélagið, landshlutasamtökin, fyrirtæki og einstaklingar sameinist um stofnun og rekstur slíkrar starfsemi.

Sú meginhugmynd sem gengið er út frá er að allar tegundir miðstöðva ættu að hafa að meginmarkmiði að efla stafræna getu í sínum samfélögum og stuðla að verkefnum tengdum umhverfis- og loftslagsmálum. Þannig væri öllum miðstöðvum ætlað að gegna lykilhlutverki í að ýta samfélögum sínum til framtíðar og stuðla að nýsköpun og þróun á sínum stöðum.

Miðstöðvarnar ættu einnig að hafa að markmiði að laða til sín frumkvöðla, skapandi einstaklinga og fólk sem starfar í tækni og nýsköpun. Þær ættu að virka sem gluggi út í heiminn fyrir ungt fólk á staðnum, vera staðir þar sem „framtíðin er núna“. Í þessu verkefni er einnig horft til þess að skapa aðstöðu fyrir nýja frumkvöðla til að sækja kraft og stuðning. Áhersla verði á þekkingarmiðlun til frumkvöðla í öllum setrum og miðstöðvum, hvatningu, aðgengi að rannsóknar- og þróunarrýmum og tengsl við fyrirtæki og aðra frumkvöðla innan og utan svæðis. Leitað verði samstarfs við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga innan og utan Vestfjarða til að ná þeim markmiðum. Auk þess sem að ofan er talið er verkefninu ætlað að vera mikilvægur þáttur í hinu nýja, stafræna nýsköpunarumhverfi Vestfjarða. Þróunar-, nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar sem byggja á og draga fram sérstöðu hvers byggðakjarna og verða vettvangur nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Slík aðstaða og stuðningur er lykilþáttur í að laða unga og öflugra frumkvöðla til Vestfjarða og skapa umhverfi deiglu og sköpunar.

Tilraunaverkefnið Blábanki var sett af stað á Þingeyri fyrir um þremur árum síðan. Tilgangur þess verkefnis var að þróa módel þar sem ríkisstofnanir, einkaaðilar og sveitarfélög koma saman að því að nýta nútíma tækni til að efla þjónustu í nærsamfélaginu. Með verkefninu var stuðlað að nýsköpun í opinberum rekstri þar sem stofnanir takast saman á við þá ögrun, að þróa nærþjónustu við íbúa smærri byggða og skapa vettvang þar sem stofnanir og fyrirtæki gætu sinnt nærþjónustu jafnvel í skamman tíma í senn. Einnig var hugmyndin að skapa stað þar sem íbúar geti þróað hugmyndir sínar, komið saman og þannig komið í veg fyrir einangrun og á sama tíma væri byggðakjarninn “vopnaður” til sóknar. Reynslan af Blábankanum hefur verið afar góð og auk þess sem hér er talið að ofan hefur Blábankinn reynst vera vettvangur frumkvöðla hvaðanæva úr heiminum og stuðlað að viðburðum, samtali og umtali sem borist hefur víða. Lykilþáttur í þessari þróun er að á staðnum er starfsfólk sem dregur vagninn.

## Tilgangur, markmið, árangursmat

Vestfjarðastofa fékk styrk úr Byggingaáætlun 2018 til undirbúnings verkefnisins og eru þetta helstu áhersluþættir sem lagt var upp með þegar sótt var um styrkinn. Þessir áhersluþættir eru miðaðir út frá langtímamarkmiðum sem er meðal annars ætlað að efla og styðja við starfsemi starfandi þróunar-, nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva.

### Tilgangur:

- Að tryggja aðgengi að nauðsynlegri þjónustu í byggðakjörnum á Vestfjörðum með því að stuðla að uppbyggingu nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva þar sem hægt er að veita fjölbreytta þjónustu með litlum tilkostnaði.
- Að nýta nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvarnar til að styðja við þróun stafræns nýsköpunarsamfélags á Vestfjörðum og móta með hvaða hætti nýta má nútíma tækni til að efla þjónustu.
- Að í flestum byggðakjörnum verði til staðar starfsaðstaða fyrir frumkvöðla og starfsmenn fyrirtækja eða stofnana sem kjósa að vinna störf sín utan starfsstöðva auk aðstöðu til náms og rannsókna til skemmri eða lengri tíma.
- Að í hverri þróunar-, nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð sé leiðtogi sem í samstarfi við eigendur og notendur móti starfið byggt á sérstöðu hvers miðstöðvar.

### Markmið:

- Að byggja upp 3 - 5 nýjar öflugar og skapandi nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar í smærri byggðakjörnum á Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög og einkaaðila.
- Að efla starfsemi starfandi þróunarsetra á Ísafirði, Hólmavík, Patreksfirði, Þingeyri og Bolungarvík.
- Að efla innbyrðis samstarf þróunarsetra og nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva með sameiginlegum viðburðum eða verkefnum.
- Að á vegum slíkra miðstöðva eða sameiginlega verði komið á (erlendum) samstarfsverkefnum sem ýta undir miðlun nýrrar þekkingar á svæðinu.
- Öflugt skapandi starf sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið og burði til að laða ungt fólk að svæðinu.
- Samstarf sveitarfélaga, opinberra stofnana og fyrirtækja um mótun sérstöðu og þá þjónustu sem veitt er á hverjum stað.
- Áhersla verði lögð á sköpun, stafræna tækni, umhverfis- og loftslagsmál.
- Að byggja upp öflugt vestfirskt nýsköpunarumhverfi sem laðar til sín nýja frumkvöðla.

### Árangursmat:

- Fjöldi þróunar, nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva á svæðinu.
- Fjöldi notenda miðstöðvanna í skemmri eða lengri tíma.
- Viðburðir, ráðstefnur, námskeið í setrunum.
- Fjöldi notenda og gesta á viðburðum.
- Samstarfsverkefni milli setra.
- Þátttaka og viðhorf heimamanna á hverjum stað til starfseminar.

- Umfjöllun um þróunar-, nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar í fjölmiðlum, hefðbundnum og vefmiðlum.
- Nýjir frumkvöðlar á svæðinu - Umsóknir frá Vestfjörðum og fengnir styrkir t.d. úr sjóðum Rannís, AVS o.fl.

## Hugtök – skilgreiningar

Til að hægt sé að gera sér grein fyrir þörfinni og hvað passar á hverjum stað þá er nauðsynlegt að spá aðeins í hvað felst í þessum hugtökum sem fjallað er um.

Um er að ræða nokkrar megintegundir starfsemi - stærð og umfang getur verið mismunandi.

- **Samfélagsmiðstöð:** Fjölbreytt starfsemi og þjónusta sem safnað er saman á einn stað í samstarfi einkaðila og opinberra aðila og getur verið hluti af starfsemi sveitarfélags. Eitt stöðugildi, sem getur verið skipt í tvö hlutastörf mótar starfsemina í samráði við íbúa, sveitarfélag og fyrirtæki.

- **Frumkvöðlasetur með samfélagsáherslu:** Getur verið aðeins stærra en samfélagsmiðstöðin eða með öðrum áherslum. Ætti að hafa að meginstarfsemi að veita frumkvöðlum aðstoð og stuðning, en getur líka boðið starfsfólki stofnana og stærri fyrirtækja starfsaðstöðu um lengri eða skemmri tíma. Starfsmaður í ½ - 1 stöðugildi mótar starfsemina í samstarfi við notendur og eigendur.

- **Þróunarsetur:** Megináhersla á aðstöðu fyrir stofnanir og fyrirtæki. Getur tengst eða haft innbyrðis frumkvöðla einnig. Starfsmaður í ½ stöðugildi annast rekstur og starfsemi á hverjum stað og sameiginlega móta þeir samstarf við minni miðstöðvar.

- **Nýsköpunarsetur:** Stofnun sem styður við eða stendur að nýsköpun, hvort sem er á sviði einkafyrirtækja, innan opinberrar þjónustu eða samfélagslegri þjónustu. Tilgangur er að styðja við nýsköpun, s.s. með fræðslu, ráðgjöf, viðburðum, o.s.frv. Starfsmaður í 1 stöðugildi mótar starfsemina í samstarfi við notendur og eigendur ásamt því að annast rekstur og leggur grunn að samstarfi við aðrar miðstöðvar.

- **Samvinnurými (co-working space):** Rými þar sem margir vinna á sama stað en ekki endilega fyrir sama vinnuveitandann. Tilgangurinn er yfirleitt að deila kostnaði við skrifstofurými, hafa sveigjanleika í aðstöðunni, gefa fólki sem vinnur eitt, færi á félagslegum samskiptum og tengslaneti. Oft með fundaraðstöðu. ½-1 stöðugildi til að annast rekstur og utanumhald. Samvinnurými rúmast oftast innan annarskonar miðstöðva samanber hér að ofan.

- **Félagsmiðstöð:** Staður þar sem fólk hittist og stundar félagslíf, s.s. ræða saman, stunda menningu og leiki o.s.frv. Mjög oft rekið af sveitafélögum tengt skóla- eða tólmundastarfi sveitafélagsins. Starfshlutfall mismunandi en getur einnig tengst öðrum störfum innan sveitafélagsins.

- **Klasi:** Þar sem margir aðilar innan tiltekinnar greinar, getur líka verið landssvæði, þar sem unnið er að framþróun þess með svipað markmið, án þess að vera þó formlega tengdir. Þarf ekki að vera neinn sameiginlegur rekstur heldur sér hver aðili um sig sjálfur. Þó geta stærri klasar verið með samrekstur á rými ásamt upplýsinga og þjónustuborði.






## Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær er fjölkjarnasveitarfélag, innan sveitarfélagsins eru fimm byggðakjarnar, Ísafjörður, Hnífsdalur, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Íbúafjöldi sveitafélagsins var 1. janúar árið 2019, samkvæmt Hagstofu Íslands, 3800 og hefur þeim fjölgað frá árinu 2018, en þá var íbúafjöldi sveitarfélagsins 3707.

Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili en frá 2011 hefur íbúum Ísafjarðarbæjar fækkað svolítið til ársins 2019 (sjá súlurit). Þessa þróun má að hluta til skýra með sveiflum á atvinnumarkaði og þróun atvinnulífs á svæðinu. Viðsnúningurinn sem orðin er má hugsanlega rekja til fjölbreyttari atvinnulífs og aukinnar nýsköpunar. Þessi þróun er ekki einsdæmi á Vestfjörðum og er unnið markvisst að því jafnt og þétt að reyna að efla atvinnulífið með því að styðja við nýsköpun. Einn liður í því að efla byggðalög er að efla atvinnulíf og gera fólki kleift að starfa við það sem það hefur menntað sig til. Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar eru tilvalin vettvangur til einmitt að gera fólki kleift að flytja til smærri byggðakjarna/byggðalaga og taka vinnuna sína með sér. Allt helst þetta í hendur við að efla byggðapróun og leggja grunn að blómlegri byggð. Í Ísafjarðarbæ eru nú þegar starfandi þrjár (fjórar ef bókasöfn eru talin með) nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar í tveimur byggðakjörnum sveitarfélagsins, á Ísafirði og á Þingeyri. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þessa kjarna og þær miðstöðvar sem þar er að finna.



## Ísafjörður




(Mynd: Haukur Sigurðsson)

## Staðan í dag

Ísafjörður er stærsti byggðakjarni Ísafjarðarbæjar með 2703 íbúa 1. janúar árið 2019 og er það fjölgun frá árinu 2018, en þá voru íbúar skráðir 2620. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti. Frá 2015 hefur íbúum fjölgað

jafnt og þétt sem kannski mætti skýra að hluta með fjölbreyttari atvinnuveg og nýsköpun. Að vera stærsti kjarni sveitafélagsins getur gefið ákveðið forskot til atvinnueflingar, innviðauppbýggingar og samkeppnishæfni byggðakjarnans þegar horft er til þess að laða til sín fólk til búsetu. En það eitt og sér er ekki alltaf nægjanlegt, heldur spilar félagslegi þátturinn þar einnig stórt hlutverk og eru samfélagsmiðstöðvar góður vettvangur fyrir slíkt. Að sama skapi er einnig mikilvægt að efla nýsköpun, bæði



hvað varðar menntunar- og atvinnumöguleika og eru nýsköpunarsetur einnig góður vettvangur til þess. Á Ísafirði má segja að það séu nokkrar nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar starfandi. Það fer að vísu svolítið eftir því hvernig hugtökin eru skilgreind, en ef við göngum út frá þeirri skilgreiningu sem hér er talað um að ofan, þá má nefna Fablab, þróunarsetur og nýsköpunarsetur.

Fablab er rekið í húsnæði Menntaskólans á Ísafirði og er þar tekið á mótí skólafólki jafnt sem utanaðkomandi. Þarna getur fólk unnið að margvíslegri nýsköpun og fengið afnot af allskonar tækjum og tólum til að búa til allt mögulegt og gera tilraunir.

Þróunarsetur hefur vaxið upp í Vestrahúsinu á Ísafirði síðustu 20 ár og er þar nú umfangsmikil starfsemi. Ekkert markviss eða formlegt samstarf er innan hússins og er þróun þess í mótun. Miklir möguleikar felast í því að formgera starfsemina. Vestrahúsið hýsir marskonar starfsemi s.s Háskólasetur Vestfjarða, Vestfjarðastofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Rauða krossinn á Ísafirði ásamt fleiri opinberum stofnunum. Alls eru 14 stofnanir/aðilar með aðsetur í húsinu og hjá þeim starfa milli 50 og 60 manns. Auk þess eru frá 30-100 nemendur hjá Háskólasetrinu sem nýta sér aðstöðuna. Í Vestrahúsinu er einnig hægt að leigja skrifstofurými eða skrifstofuaðstöðu.

Á Ísafirði eru einnig bókasafn, bíó, leikhús, nokkur kaffihús og matsölustaðir ásamt samkomusölum félagasamtaka og menningarhúsið Edinborg.

## Möguleikar

Sem stærsti kjarni Ísafjarðarbæjar eru möguleikarnir margir og þyrfti dýpri úttekt en þessa til að greina og vinna með þá. Nefna mætti möguleika sem tengjast aukinni nýtingu á bókasafninu sem samfélagsmiðstöðvar og benda á þá þróun sem hefur átt sér stað í nýtingu bókasafna út um allan heim.


Bókasöfn hafa verið að þróast í samfélagsmiðstöðvar þar sem fólk kemur saman, ekki bara til að ná sér í bók til að fara með heim, heldur einnig til að staldra við, kíkja í bók á staðnum og/eða nýta sér tæknina með því að fara á netið og að hitta annað fólk. Á bókasöfnun nútímans er einnig að finna aðstöðu til allskonar sýninga og samkomuhalds ásamt því að geta fengið sér kaffi og með því. Á flestum stöðum eru bókasöfn rekin af ríki eða sveitarfélögum og í tilfelli Ísafjarðarbæjar mætti horfa til annara staða og nýta bókasafnið betur sem samfélagsmiðstöð.

Annar möguleiki er að efla enn meira aðstöðu fyrir störf án staðsetningar þ.e. fyrir fólk sem vill flytja til Ísafjarðar og taka vinnuna sína með sér. Er það í samræmi við áherslur ríkisvaldsins í byggðapróun á Íslandi.

## Niðurstaða

Heilt yfir þá er að finna á Ísafirði mjög margt sem gæti flokkast sem nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð en sóknarfærin eru að sama skapi mörg. Efla þarf samstarf á milli annarra kjarna á Vestfjörðum þar sem starfræktar eru nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöðvar. Sérstaklega ætti að horfa til aukins samstarfs við starfandi miðstöðvar sem byggja ekki á því sama og er að finna á Ísafirði. Þarna er hægt að gera betur sem gæti gert Vestfirði í heild sinni samkeppnishæfari um nýja íbúa og aukna fjölbreytni í atvinnulífínu.


## Hnífsdalur



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Hnífsdalur er byggðakjarni í Ísafjarðarbæ með um 221 íbúa 1. Janúar árið 2019, sem er lítilsháttar fjölgun frá árinu 2018, en þá voru íbúar 208 talsins. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti. Fjölmennasta árið var 2011 með 231 íbúa með þó nokkurri fækkun til 2015 en þá voru 194 íbúar, eftir það fór íbúum að fjölga aftur, en hefur þó ekki náð þeim fjölda sem var 2011. Hnífsdalur er enn fremur sá kjarni sem er styst frá Ísafirði og gerir það hann örlítið frábrugðin hinum kjörnunum, þar sem íbúarnir geta nýtt sér þá þjónustu sem til staðar er á Ísafirði á auðveldan hátt.



Í Hnífsdal er ekki rekin nein eiginleg samfélagsmiðstöð, en eftir fund með íbúasamtökunum þar kom í ljós að það væri vilji fyrir því að reyna að skapa aðstöðu sem gæti hentað sem flestum. Áhugasamir stofnendur höfðu augastað á gamla leikskólanum og að stofna þar samfélagsmiðstöð. Gamli leikskólinn er mjög illa farinn og þarf mikið viðhald en Ísafjarðarbær á húsnaðið. Hugmyndir hafa verið uppi um að gera hann upp í sjálfbóðaliðavinnu, þær hafa ekki fengið góðan hljómgrunn né verið nánar útfærðar.

Íbúasamtökin, starfsemi Ísafjarðarkirkju og Karlakórinn Ernir hafa aðstöðu í gamla barnaskólanum/kapellunni, en það húsnæði þarf einnig endurbóta við til að geta gengt hlutverki samfélagsmiðstöðvar. Það hefur ekki verið nýtt til annarra hluta en æfinga fyrir kórinn, funda fyrir íbúasamtökin ásamt því að kirkjan hefur haft kirkjuskóla og „mömmu“ morgna þar sem fólk með lítil börn getur komið og hist.

Í Hnífsdal eru einnig kvenfélag og slysavarnarfélag sem nýta að hluta aðstöðu í Félagsheimilinu í Hnífsdal og aðstöðu björgunarsveitarinnar Tinda. Félagsheimilið er einnig nýtt fyrir veislur og uppákomur eins og þorablót og þess háttar. Yfir sumartímam og fyrir jól eru þar markaðir, þar sem fólk getur leigt sér pláss til að selja sínar vörur.

## Möguleikar

Möguleikarnir á að setja á fót nýsköpunar- eða samfélagsmiðstöð felast aðallega í því að nýta það húsnæði sem fyrir er á staðnum og er í eigu Ísafjarðarbæjar. Til þess að svo geti orðið þarf að fara í miklar og kostnaðarsamar viðgerðir á því húsnæði. Íbúar Hnífsdals hafa áhuga á að hrinda þessu í framkvæmd en til þessa hefur það ekki verið á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

## Niðurstaða

Hnífsdælingar hafa verið áhugasamir um stofnun samfélagsmiðstöðvar í sínu nærumhverfi þó svo að fjarlægðin frá stærsta kjarna Ísafjarðarbæjar sé ekki löng. Telja þeir að það sé mun líklegra að íbúarnir nýti sér slíka miðstöð ef hún væri í sjálfum bæjarkjarnanum. Íbúasamtökin (hverfisráðið) hefur unnið að því að reyna að fá ónotað húsnæði í eigu Ísafjarðarbæjar til afnota fyrir slíka miðstöð en vandinn liggur í ástandi þess húsnæðis. Fjármagn hefur ekki fengist til framkvæmda né samþykki fyrir því að framkvæmdir verði unnar í sjálfböðavinnu.


## Suðureyri



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

## Staðan í dag

Suðureyri er byggðakjarni í Ísafjarðarbæ með 264 íbúa 1. janúar árið 2019, sem er lítilsháttar fjölgun frá árinu 2018, en þá voru þeir 257. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá 2011 hefur íbúum Suðureyrar fækkað nokkuð til ársins 2019. Eftir samtal við stjórn íbúasamtakanna kom í ljós að ekki hafi verið rætt neitt sérstaklega um að stofna eða hvort það væri einhver áhugi yfir leitt til að stofna einhversskonar



nýsköpunar- eða samfélagsmiðstöðvar. Fólk hafi ekki kallað eftir því, húsnæði væri af skorum skammti þannig að það hafi í raun ekki verið rætt. Á Suðureyri væri öflugt félagslíf bæði kórar, kvenfélag, handverkshópur og björgunarsveit ásamt félagsheimili og væri það nýtt til félagslegra uppátöma hverju sinni þegar þannig stæði á. Annars væri aðstaða björgunarsveitarinnar ásamt kaffi/matsöluástandum á staðnum nýtt

til að hittast þess á milli ef fólk hefði þörf fyrir það. Á staðnum er einnig sundlaug þar sem fólk hittist og virkar hún eins og hitt sem upp er talið sem einhversskonar samfélagsmiðstöð.

## Möguleikar

Það eru vafalaust einhverjir möguleikar á að setja á fót nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöð á Suðureyri en til þess að það verði gert, þarf fyrst og fremst að vera áhugi fyrir því hjá íbúunum og húsnæði undir starfseminna. Íbúarnir hafa ekki kallað sérstaklega eftir því en það gæti vel gerst í nánustu framtíð.

## Niðurstaða

Samkvæmt fulltrúum íbúasamtakana (hverfisráðsins) á Suðureyri þá sé öflugt félagslíf á staðnum og íbúarnir ekki hugsað neitt sérstaklega um að þörf væri á að setja á fót nýsköpunar- eða samfélagsmiðstöð á staðnum. En þar sem hugmyndin hafi verið viðruð sjá þau ekki fyrir sér að slík miðstöð verði sett á stofn þar sem húsnæði undir slíka miðstöð væri ekki fyrir hendi eins og staðan er í dag. Ísafjarðarbær hefur engin plön um að leggja byggðakjarnanum til auka fjármagn til að stofna slíkar miðstöðvar enda hafa íbúarnir ekki kallað eftir því.


## Flateyri



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Flateyri er byggðakjarni innan Ísafjarðarbæjar með 201 íbúa 1. janúar árið 2019 og er það fjölgun frá árinu 2018, en þá voru íbúarnir 177. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur



á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá 2011 hefur íbúum Suðureyrar fækkað nokkuð til ársins 2019. Hugsanlega má rekja þessa fjölgun á milli árana 2018 og 2019 til þess að á Flateyri var stofnaður lýðskóli sem tekur á móti nemendum allstaðar frá, bæði einstaklingum og fjölskyldufólki. Á Flateyri er ekki starfandi nýsköpunar- eða samfélagsmiðstöð en Lýðskólinn á Flateyri er með aðstöðu sem hefur virkað svolítið eins og samfélagsmiðstöð bæði fyrir nemendur og íbúana. Eftir heimsókn og samtal við fulltrúa íbúasamtakana

(hverfisráðsins) kom í ljós að þeim fannst full þörf á því að hafa samfélagsmiðstöð á staðnum sem virkaði fyrir alla íbúana á öllum aldri. Þó svo að á Flateyri væri mikið og virkt félagslíf þá væri það bundið við ákveðna hópa og fyrirfram skipulagt. Hvorki eldra fólk né það yngra hefði t.d. stað til að hittast á yfir vetrartímamann fyrir utan sjoppuna, en sá staður er sá eini sem opin er allt árið. Kaffihúsið og veitingastaðurinn er ekki opin allt árið, en þegar þar er opið nýttir fólk sér það til að hittast og virkar þá sem einskona félagsmiðstöð t.d. er félagsstarf aldraðra með aðstöðu í Gunnukaffi þegar það er opið. Á Flateyri er einnig félagsheimili og aðstaða björgunarsveitarinnar nýtt undir félagsstarfsemi. Á staðnum eru starfandi tveir kórar og sá þriðji í startholunum. Á Flateyri er einnig sundlaug þar sem fólk hittist en opnunartími hennar er frekar stuttur og óhagstæður að mati íbúana.

## Möguleikar

Möguleikarnir eru fyrir hendi, því áhugi íbúana fyrir því að setja á fót samfélagsmiðstöð er til staðar og húsnæði einnig. Fjármagn er ekki tiltækt og því þarf að vera samstarf við sveitarfélagið til að raungera þann möguleika að setja á stofn samfélagsmiðstöð. Einnig væri möguleiki á því að leita samstarfs við Lýðskólann.

## Niðurstaða

Fram að þessu hafa íbúarnir ekki kallað sérstaklega eftir samfélagsmiðstöð en finnst samt sem áður full þörf á slíkri miðstöð sem gæti t.d. eflt félagsstarf eldri borgara, þar sem hægt væri að vera með allskonar afþreyingu og námskeið, einnig væri æskilegt að hafa eitthvað fyrir yngra fólkið. Sérstaklega þegar horft er til þess hversu erfiðar samgöngur eru á milli kjarnana yfir vetrartímenn. Ísafjarðarbær hefur engin plön um að leggja byggðakjarnanum til aukafjármagn til að stofan einhversskonar samfélagsmiðstöðvar eða nýsköpunarsetur. Aftur á móti þá hefur Lýðskólinn verið að virka sem einhversskonar samfélagsmiðstöð. Eftir stofnun hans hefur ýmislegt breyst hvað varðar aðgengi að aðstöðu fyrir fólk sem vill hittast og gera eitthvað saman.

Ný staða kom upp eftir að viðtöl voru tekin við íbúana haustið 2019 og snjóflóð og óveður vetrarins urðu til þess að sett var af stað verkefni til þriggja ára sem fjármagnað er af ríki og sveitarfélagi og meðal annars gæti leitt til stofnunar samfélagsmiðstöðvar á Flateyri.


## Þingeyri



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

## Staðan í dag

Þingeyri er byggðakjarni innan Ísafjarðarbæjar með 249 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er nokkur fækkun frá 2018, en þá voru þeir 281. Þessa fækkun má skýra að hluta til með því að starfsmenn við gerð Dýrafjarðargangna voru skráðir með búsetu á Þingeyri en eru nú farnir úr sveitarfélaginu. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá árinu 2012 hefur íbúum Þingeyrar fækkað nokkuð til ársins 2019 með einni undantekningu árið 2018, sjá skýringu hér að ofan.



Á Þingeyri er starfandi nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðin Blábankinn sem gefur Þingeyri nokkra sérstöðu frá öðrum minni kjörnum innan Ísafjarðarbæjar. Blábankinn er tilraunaverkefni til þriggja ára og rekin sem sjálfseignarstofnun. Að stofnuninni komu einkafyrirtæki, fjárfestar, ráðuneyti og sveitarfélagið. Blábankinn gegnir margvíslegu hlutverki og hefur staðið fyrir allskonar uppákomum þar sem þátttakendur hafa komið að allstaðar að úr heiminum. Í Blábankanum er einnig hægt að leigja skrifstofuaðstöðu eða skrifstofurými til lengri eða skemmri tíma. Blábankinn sinnir ákveðnu þjónustuhlutverki fyrir Ísafjarðarbæ ásamt því að sinna ákveðnum verkefnum fyrir bæjarfélagið. Hann heldur einnig úti bankaþjónustu fyrir íbúana í samvinnu við Landsbankann, 2 tíma á viku. Í Blábankanum eru tvö 50% stöðugildi og er hann rekin í dag á verkefnastyrkjum, framlagi frá ríki og sveitarfélagi ásamt stofnfé. Í þau tæp þrjú ár sem Blábankinn hefur verið rekin má færa rök fyrir því að tilkoma hans hefur haft mikil áhrif til batnaðar fyrir íbúa Þingeyrar. Hann hefur auðgað mannlífið með öllum þeim fjölbreyttu uppákomum, námskeiðum og félagslegu þáttum sem starfsmenn og aðrir íbúar hafa staðið fyrir. Það má segja að með tilkomu hans hafi skapast ákveðið rými og fyllt hafi verið upp í ákveðið tómarúm eftir að þjónusta við íbúana innan kjarnans fór minnkandi og atvinnumöguleikum fækkaði. Blábankinn er vettvangur fyrir nýsköpun og samfélagseflinu.

Mikið og öflugt félagslíf er á Þingeyri en þar er einnig að finna félagsheimili, aðstöðu á vegum slysavarnarfélagsins og rauða krossins sem nýtist til allskonar samkomuhalds. Á Þingeyri eru kaffihús og veitingahús, sem að vísu eru ekki opin allt árið en þegar þau eru opin eru þau vel nýtt. Einnig kemur fyrir að þau séu opnuð utan árstíðabundinnar opunar ef á þarf að halda. Sundlaugin á Þingeyri hefur einnig stóru hlutverki að gegna og hefur einnig hlutverk einhversskonar samfélagsmiðstöðvar þar sem hún er mjög vel nýtt og er þar ákveðin hópur sem hittist á hverjum morgni til skrafs og ráðagerðar, þar er einnig félagsskapur „Þingeyrarakademían“ sem hefur verið virkur í landsmálaumræðunni. Íþróttahús er einnig á Þingeyri sem nýtist bæði ungunum sem öldnum, félagstarf eldri borgar er einnig nokkuð og fer það aðalega fram í húsnæði eldri borgara á staðnum.

## Möguleikar

Helstu möguleikar byggðakjarnans felast í eflingu Blábankans og að hann nái að dafna á forsendum samfélagsins og íbúana. Eins og áður segir var stofnun hans tilraunaverkefni til þriggja ára og eru nú þegar tæp þrjú ár liðin af þeim tíma. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi tilveru Blábankans eftir þessi þrjú tilrauna ár. Orðstýr Blábankans hefur farið víða og hefur hann verið mörgum litlum bæjarfélögum og bæjarkjörnum ákveðin fyrirmynd. Fyrirmynd þess hversu öflugt verkfæri nýsköpunar- og



samfélagsmiðstöðvar geta verið fyrir lítil byggðalög bæði út frá byggðalegu og samfélagslegu sjónarmiði til félagslegrar og atvinnulegrar uppbyggingar.

## Niðurstaða

Að halda úti öflugri nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð kostar bæði tíma og fjármuni og má segja að Blábankanum hafi tekist vel upp miðað við það fjármagn sem hann hefur úr að móða. En til að efla starfsemi og halda henni áfram þarf aukið fjármagn að koma til og er unnið að því markvisst, en til að vel sé þarf að koma til öruggara fjármagn í formi opinberra styrkja þar sem samfélagið er of lítið til að hægt sé að reka slíkar stöðvar á viðskiptalegum grunni. En það er hægt að færa góð rök fyrir því að slík starfsemi er litlum bæjarkjörnum lífsnauðsynleg bæði til að standast samkeppni stærri bæjarfélaga og einnig til að ná að eflast og skapa aukna atvinnumöguleika. Góð samvinna á milli hins opinbera, sveitarfélaga og annarra nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva er einnig mikilvæg til að efla slíka starfsemi um alla Vestfirði.

## Bolungarvík




(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Bolungarvík er sveitarfélag á norðanverðum Vestfjörðum með 953 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er lítilsháttar aukning frá árinu 2018, en þá voru íbúar 945. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en íbúum í Bolungarvík hefur verið að fjölga nokkuð frá 2011 til 2019.

Í Bolungarvík er mikill áhugi fyrir stofnun nýsköpunarseturs. Ýmsar hugmyndi eru í gangi sem maðal annars byggja á því, að þarna sé um að ræða einkareknar miðstöðvar með aðstoða fjárfesta sem sjá sér hag í því að koma að slíku verkefni. Um er að ræða nýsköpunarsetur þar sem frumkvöðlum gefst kostur á að vinna að nýsköpun



innan t.d. matvælaíðnaðar. Sköpuð verði góð aðstaðar sem frumkvöðlar geti nýtt sér til vöruþróunar og síðan til að koma sínum vörum á framfæri. Í dag er starfandi eitt einkarekið nýsköpunarsetur í samstarfi við sveitarfélagið, Djúpið sem er í stöðugri þróun og uppbyggingu. Byggir hugmyndafræði stofnandans á því að miðstöðin sé skjól fyrir frumkvöðla með rými til nýsköpunar. Stefnir stofnandi að því að með tímanum verði þessi miðstöð rekin sem sjálfseignarstofnun með aðkomu einaframtaksins og opinberra aðila. Í dag eru þegar nokkur verkefni í gangi innan matvælaþróunar, mis langt á veg komin. Djúpið er staðsett að hluta í gamla frystihúsinu í Bolungarvík og að hluta í húsnæði Þjónustumiðstöðvar sveitastjórnar Bolungarvíkur. Húsnæðið í gamla frystihúsinu hefur verið nýtt að mestu fyrir tilraunaframleiðslu og ýmsa aðra tilraunastarfsemi. Í rýminu í Þjónustumiðstöð Bolungarvíkur veður meiri áhersla lög á að skapa aðstöðu fyrir t.d. leigu á skrifstofuaðstöðu sem hentað gæti vel fyrir störf án staðsetningar, vinnuaðstöðu fyrir námsmenn sem vinna að lokaverkefnum eða vinnuaðstöðu fyrir þá sem þurfa tímabundna skrifstofuaðstöðu. Húsnæðið er á besta stað í Bolungarvík og hentar því mjög vel fyrir miðstöð samvinnurýmis. Þessi aðstaða er hugsuð bæði fyrir einkaaðila og opinbera aðila. Samvinna hefur verið góð á milli Djúpsins og sveitarfélagsins, sem hefur leitt af sér og lagt grunn að samfélags- og nýsköpunarmiðstöð í Bolungarvík.

Í Bolungarvík er einnig stórt félagsheimili sem nýtist einnig til margra hluta, bæði fyrir stærri ráðstefnur, fundi og annarskonar félagsstarfs og ýmsar uppákomur. Í Bolungarvík er góð og vel sótt sundlaug sem virkar eins og á fleiri stöðum sem einhversskonar félagsmiðstöð. Í Bolungarvík er öflugt félagslíf þar sem starfandi eru kórar, slysavarnarfélag, félag eldri borgara og bókakaffi. Í ráðhúsinu er þjónustumiðstöð, í bænum eru einnig kaffi- og veitingahús og bókasafn.

## Möguleikar

Miklir möguleikar eru í Bolungarvík og felast meðal annars í áframhaldandi þróun og eflingar frumkvöðlasetursins Djúpsins. Með tilkomu Djúpsins opnast margir möguleikar til atvinnueflingar og þróunar þar sem, það beinir sjónum sínum aðallega að uppbyggingu í matvælaíðnaði bæði innan sjávarfangs og matvælaræktunnar. Öflug og góð samvinna við önnur frumkvöðla- og nýsköpunarsetur eins og Blábankann getur verið lykill að áframhaldandi uppbyggingu og samkeppnisfærni svæðisins í heild sinni. Einnig má horfa til stofnunar annarskonar samfélagsmiðstöðvar og horfa til bókasafnsins í því samhengi. Djúpið og sveitastjórn Bolungarvíkur hafa unnið markvist að því að efla sitt samstarf, sem nú þegar hefur skilað því að fulltrúar sveitarfélagsins eru komnir í samstarf um starfsemi Djúpsins. Hluti af starfsemi Djúpsins verður til húsa í Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins í Bolungarvík.

## Niðurstaða

Að halda úti öflugri nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð og frumkvöðlasetri eins og Djúpið kostar bæði tíma og fjármuni. Þróunarvinna, bæði fyrir miðstöðina sjálfa og ekki síður fyrir þá sem þar hafa aðsetur kosta mikið fjármagn, sem ekki er alltaf auðsótt á litlum stöðum. Hægt er að færa góð rök fyrir því að slík starfsemi er litlum bæjarfélögum lífsnauðsynleg bæði til að standast samkeppni stærri bæjarfélaga og einnig til að ná að eflast og skapa aukna atvinnumöguleika. Því skiptir verulegu máli að fá utanaðkomandi aðstoða frá ríki og sveitarfélagi ekki síður en frá atvinnulífinu. Til að slíkar stöðvar nái að blómstra og skila tilætluðum árangri þarf, allavega í byrjun að styrkja slíka starfsemi með opinberu fé. Góð samvinna á milli hins opinbera, sveitarfélaga og annarra nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva er einnig mikilvæg til að efla slíka starfsemi um alla Vestfirði.


## Súðarvíkurhreppur



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Súðarvíkurhreppur er landstórt en tiltölulega fámennnt sveitarfélag á norðanverðum Vestfjörðum með 204 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er lítilsháttar fjölgun frá árinu 2018, en þá voru þeir 196. Meginhluti íbúa býr í einum byggðakjarna í Súðavík. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en íbúum Súðarvíkurhreiðs hefur fjölgað nokkuð frá því að þeir voru fæstir árið 2013 til ársins 2019.



Í Súðavík var rekin verslun, „Kaupfélagið“, í sama húsnæði og skrifstofur sveitarfélagsins ásamt annarri starfsemi sveitarfélagsins. Kaupfélagið var ekki bara verslun heldur einnig bóksafn, kaffihús og veitingastaður. Þar kom fólk saman og innann veggja þess var einnig aðstaða fyrir félagsstarf s.s. fyrir eldri borgara að hittast ásamt handverksfólki sem vildi koma saman og vinna að sínu handverki. Kaupfélagið var alfarið rekið og í umsjón einkaaðila. Það má með góðu móti segja að Kaupfélagið hafi virkað sem samfélagsmiðstöð. Seinni parts ársins 2018 hættu þeir sem ráku Kaupfélagið án þess að eitthvað annað kæmi í staðinn. Mikill áhugi er fyrir að endurvekja þá starfsemi sem Kaupfélagið stóð fyrir. Aðstaðan er klárlega til staðar og það er vilji fyrir því að byrja upp á nýtt á einhversskonar samfélagsmiðstöð eða jafnvel nýsköpunarsetur.

Búið er að opna matvöruverslun og þar er smá aðstaða þar sem fólk getur fengið sér kaffi, hist og spjallað. Eldriborgarastarfið er enn í gangi á sama stað, skrifstofurýmið er í útleigu til fólks á svæðinu og ráðhúsið sem slíkt má segja að sé lungað á staðnum og væri hægt að skilgreina það sem einhversskonar samfélagsmiðstöð með verslun, pósthúsi, stjórnsýslunni, aðstöðu fyrir eldri borgara og skrifstofurými fyrir atvinnustarfsemi á staðnum. Verslunin er rekin sem sjálfstæð eining án beinnar aðkomu sveitarfélagsins.

## Möguleikar

Nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöð í líkingu við þá starfsemi sem Kaupfélagið hélt úti er fýsilegur kostur og gefur mikla möguleika. Þegar rætt var við sveitarstjóra Súðavíkur í upphafi ársins 2019 var mikill vilji fyrir endureins miðstöðvarinnar, hvort heldur sem það yrði á forræði sveitarfélagsins eða einkaaðila. Það sam á við þegar rætt var við nýjan sveitarstjóra, hann segir að það sé mikill vilji til að endurvekja í einhverju formi þá starfsemi sem áður var til staðar.

## Niðurstaða

Fyrir fámenn sjálfstæð sveitarfélög eins og Súðavík, sem eru í nágrenni við stærri sveitarfélag er nauðsynlegt að hafa nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöð sem þjónar þörfum fólksins sem á svæðinu búa. Það skiptir verulegu máli fyrir íbúana að hafa verslun og stað þar sem hægt er að hittast til samfélagsefningar. En til að svo geti orðið þarf góða samvinnu milli sveitarfélags, einkaaðila og ríkisins, því það kostar verulega fjármuni að halda úti slíkri starfsemi. Sveitarstjóri Súðavíkur telur að það sé vilji fyrir slíku samstarfi af hálfu sveitarfélagsins.

## Kaldrananeshreppur




(Mynd: Haukur Sigurðsson)

## Staðan í dag

Kaldrananeshreppur er sveitarfélag á norðanverðum Vestfjörðum með 103 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er lítilsháttar fækkun frá árinu 2018, en þá voru þeir 109. Flestir íbúana búa í þéttbýliskjarna á Drangnesi. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það er lítilsháttar sveifla á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti hér að neðan, en ekki afgerandi nema kannski frá árinu 2015 en þá voru íbúar 112 talsins. Sveitarfélagið er eitt þriggja sveitarfélaga á Ströndum.

Í sveitarfélaginu eru ekki reknar neinar samfélagsmiðstöðvar en það er mikill áhugi hjá sveitarstjórninni fyrir þannig starfsemi. Þau eru að vinna að því, en ekki komið neitt ákveðið ennþá hvað það varðar. Í sveitarfélaginu er samkomuhús, sundlaug og verslun, það má kannski segja að þessir staðir nýtist sem einhversskonar samfélagsmiðstöðvar. Samkomuhúsið er nýtt fyrir fundarhöld og aðrar upptökur.



## Möguleikar

Möguleikarnir felast í því að áhugi er fyrir hendi af hálfu sveitarfélagsins og íbúana sem er forsenda þess að hægt sé að stofna eða setja af stað nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöð.

## Niðurstaða

Vilji er fyrir því af hálfu sveitarfélagsins að setja á fót samfélagsmiðstöð. Í dag er engin slík og telja heimamenn að það sé þörf á slíkri miðstöð. Finna þurfi rétta og áhugasama aðila. Mikilvægt er að sú vinna fari fram af hálfu íbúana í samstarfi við sveitarfélagið. Það sama á við um Kaldrananeshrepp og önnur minni sveitarfélög að það þarf stöðugt fjármagn til að koma á fót öflugum nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöðvum. Færa má rök fyrir því að það sé mikilvægur þáttur í eflingu byggðar á svæðinu að það fjármagn komi að einhverju leiti frá hinu opinbera eða úr opinberum sjóðum.


## Strandabyggð



(Mynd Haukur Sigurðsson)

## Staðan í dag

Í Strandabyggð eru íbúar skráðir 449 1. janúar árið 2019 en 451 árið 2018, sem er lítilsháttar fækkun. Í Strandabyggð er Hólmavík stærsti þéttbýliskjarninn með 322 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er örlítill fjölgun frá árinu 2018, en þá vour þeir 320. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti hér að neðan, en frá 2011 hefur íbúum Strandabyggðar fækkað nokkuð til ársins 2019, en þó mest frá árinu 2013.



Á Hólmavík er starfrækt þróunarsetur sem hefur verið starfandi í um áratug. Á grundvelli tillögu sem kom fram í skýrslu Vestfjarðarnefndar á árinu 2007, var veittur stuðningur til að koma upp stöðugildum nokkurra aðila s.s. Náttúrustofu Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Sett var að markmiði að ná þessum aðilum saman í eitt húsnæði með fyrirmynd af Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði.

Þróunarsetrið var stofnað fyrri hluta árs 2008 og má segja að það hafi verið nýsköpunarsetur í húsnæði í eigu sveitarfélagsins, en stofnendurnir tóku það á leigu. Rekstrarfyrirkomulagið var þannig að hver og einn borgaði leigu fyrir sína skrifstofu og net en rafmagnskostnaður skiptist niður á milli aðila. Þarna kom saman fólk sem vantaði starfsaðstöðu fyrir störf sem það var búið að fá eða var í og vildi vera í samfélagi við aðra í sömu sporum. Stofnendurnir unnu hjá mismunandi fyrirtækjum við fjölbreytt störf. Þeim tóks að mynda frjótt samfélag og beittu sér fyrir ýmsum uppákomum sem voru vel sóttar af bæjarbúum. Einnig urðu til nokkur verkefni sem sprottin voru upp úr samtölum og samstarfi aðila innan Þróunarsetursins. Sveitarfélagið færði skrifstofur sínar í Þróunarsetrið árið 2011. Þá breyttist aðeins starfssemin en samt sem áður hefur áfram verið mikil gróska innanhúss. Á fyrstu hæðinni er fjölnotarýmið Hnyðja í eigu Strandabyggðar, þar er afgreiðsla og móttaka Strandabyggðar en einnig er hægt að leigja aðstöðuna fyrir ýmsar uppákomur, fundi og sýningar.

Á Hólmavík er ekki rekin nein eiginleg samfélagsmiðstöð en Þróunarsetrið ásamt versluninni, íþróttamiðstöðinni, Sauðfjársetrinu, Kaffi Galdri og aðstöðunni með heitu pottunum hafa virkað svolítið eins og samfélagsmiðstöðvar. Mikið og öflugt félagslíf er á Hólmavík eins og virðist vera í öllum þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum, kórar, hópar sem spila félagsvist og leikfélag, fyrir bæði eldri borgara og þá sem yngri eru.

Uppi eru hugmyndir um að setja á fót samfélagsmiðstöð, Strandakjarni, að norski fyrirmynd sem tengist verslun og þjónustu eftir hugmyndafræði Merkur frá Noregi. Hugmyndafræðin byggir á því hversu félagslegi þátturinn í litlum samfélögum er mikilvægur og að tengja saman þennan félagslega þátt við verslun og þjónustu þ.e. að byggt er upp ákveðin kjarnastarfsemi, sem þarf í öllum samfélögum, á einum stað með aðstöðu fyrir fólk til að hittast og staldra við. Byggja upp kjarna sem er meira en bara verslun þar sem félagslegi þátturinn er mikilvægur liður. Grunnvinna og þarfagreining að slíkum kjarna er hafinn en fjármögnun ekki lokið.

## Möguleikar

Möguleikarnir felast m.a. í því að efla Þróunarsetrið enn frekar með auknum fókusi á nýsköpun, en húsnæðið sem það er í í dag er orðið of lítið til áframhaldandi þróunar. Það hafa komið upp hugmyndir um að flytja starfseminna í annað og stærra húsnæði í samvinnu við sveitarfélagið. En eins og staðan er nú, er ekki fyrirsjáanlegt á næstunni að hægt verði að flytja í nýtt og stærra húsnæði þar sem pláss er fyrir þá starfsemi sem er nú þegar í Þróunarsetrinu með möguleikum á að fleiri geti komist þar að. Mest allt húsnæði sem er á svæðinu er í notkun nú þegar. Einnig felast miklir möguleikar í því að halda áfram með og útfæra hugmyndina um Strandakjarnan sem lýst er hér að ofan.

## Niðurstaða

Þróunarsetrið hefur að hluta til kannski þróast yfir í starfsstöð og vera með minni nýsköpun eða frumkvöðla eins og það var í upphafi. Samt hefur verið reynt að sinna því með hvatningu og vera með eina lausa skrifstofu til skammtímanýtingar. Það hefur ekki tekist alveg sem skyldi og er í dag ekkert laust pláss. Nýsköpun núna felst kannski aðalega í fjarvinnsluverkefnum í samvinnu við aðra t.d. hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands í Þjóðfræði. Frumkvöðlar eru hverju samfélagi mjög dýrmætir og afar mikilvægt að styðja við slíkt framtak. Með því að efla Þróunarsetrið og framkvæma hugmyndina um Strandakjarna er kominn góður grunnur að bæði nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð fyrir sveitarfélagið. Slíkar miðstöðvar geta skapað grundvöll fyrir aukna atvinnuþróun og eftt samfélagið, gert það samkeppnishæfara og með samvinnu við aðra slíkar miðstöðvar víðsvegar á Vestfjörðum er komið öflugt net fjölbreyttra miðstöðva sem m.a. getur gert Vestfirði að spennandi búsetukosti.

Eins og einn viðmælandinn komst að orði „þá finnur fólk sér leiðir til að hittast það sem vill hittast. T.d. er nýtt að konur á svæðinu hittast á Kaffi Galdri á föstudögum eftir vinnu til að spjalla“. Sauðfjársetrið stendur einnig fyrir viðburðum sem margir koma á og virkar eins og samfélagsmiðstöð eins og áður segir. Þar hittist fólk og annað hvort hlustar á erindi eða ræðir saman um ýmis málefni sem er á döfinni hverju sinni.


## Reykhólahreppur



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Reykhólahreppur er sveitafélag á sunnanverðum Vestfjörðum með 258 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er nokkur fækkun frá árinu 2018, en þá voru þeir 275. Flestir íbúana búa í byggðakjarnanum á Reykhólum. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá 2011 hefur íbúum Reykhólahrepps fækkað nokkuð til ársins 2019, en þó mest frá árinu 2013.



Í Reykhólahrepp er félagsheimili (samkomuhús) í Króksfjarðarnesi, á Reykhólum er íþróttahús og mötuneyti við Grunnskólann sem nýtt hefur verið fyrir allskonar uppákomur, sýningar, félagsstarf s.s. félagsvist og spil ásamt tónleikum og tómsundastarf bæði þeirra yngri og eldri. Í Reykhólahreppi er öflugt félagslíf m.a. í tengslum við íþrótt- og tómsundastarf sveitarfélagsins ásamt félagsstarfi eldri borgara. Í Reykhólahrepp er ekki að finna eiginlega samfélagsmiðstöð miðað við skilgreiningu á hugtakinu. Árið 2018 var stofnað svonefnt Þörungaklaustur sem er í þróunarstarfi þar sem byggt er á klasasamstarfi um þang og þara. Stefnt er að því að klaustrið verði bæði þjónustu- og framleiðslueining og er langtímamarkmið að fjölga störfum og breikka vöruúrval sem unnið er úr sjávargróðri. Hlutverk þess er að stunda rannsóknir og þróun um afurðir úr stórþörungum en jafnframt bjóða þekkingarþjónustu þeim frumkvöðlum sem vinna í þessari grein. Til að skjóta stoðum undir Þörungaklaustrið verður byrjað á því að framleiða safu úr þörungum, en hann hefur margvíslegt notagildi. Með þörungaklaustrinu gefst tækifæri á meiri samvinnu um atriði eins og hugmyndavinnu, innihaldslýsingar, markaðssetningu og vöruþróun.

## Möguleikar

Með aukinni samvinnu við atvinnulífið og eflingu Þörungaklaustursins felast möguleikar í því að stofna nýsköpunarsetur sem er byggð upp á svólítið annan hátt og með öðrum áherslum en er hjá öðrum nýsköpunarsetrum á Vestfjörðum. Samstarf á milli þessara ólíku miðstöðva geta skapað vetvang fyrir ákveðna sérstöðu og sérhæfingu sem stuðlar að fjölbreytileika í atvinnusköpun og jafnframt styður við nærsamfélagið.


## Niðurstaða

Lítill sveitafélög hafa ekki alltaf bolmagn til að standa að slíkri fjárfestingu sem felst í því að stofna eða styðja við nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöðvar af eigin ramleik. Til þess að raungera slíkar miðstöðvar þarf verulegt fjármagn þar sem öll þróunarvinna er fjár- og tímafrek. Nauðsynlegt getur verið að hafa stuðning frá þar til bærum yfirvöldum og er það í samræmi við byggðaaætlun ríkisstjórnarinnar að efla byggðapróun og atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðari byggðum.

## Vesturbyggð


Vesturbyggð er fjölkjarnasveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum með 998 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er nokkur fækkun frá árinu 2018, en þá voru þeir 1024. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en mestar eru þær á milli árana 2017 og 2019. Sem skýrist kannski að einhverju leiti af breyttu atvinnuumhverfi innan byggðakjarna sveitarfélagsins.

Byggðakjarnarnir eru tveir, Patreksfjörður og Bíldudalur. Patreksfjörður er stærri kjarninn og þar er stjórnsýslan staðsett.






## Patreksfjörður



(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Patreksfjörður er stærri byggðakjarninn af tveimur í Vesturbyggð með 675 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er nánast óbreytt frá árinu 2018, en þá voru þeir 677. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá 2011 hefur íbúum



Patreksfjarðar fjölgað til ársins 2019, þó með lítilsháttar niðursveiflu á milli árana 2017 og 2019.

Á Patreksfirði er að finna að minnsta kosti tvær miðstöðvar sem hægt er að flokka sem nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöðvar, Skor og Húsið-Creative Space.

Á grundvelli tillögu sem kom fram í skýrslu Vestfjarðarnefndar á árinu 2007, var veittur stuðningur til að koma upp stöðugildum

nokkurra aðila s.s. Náttúrufestu Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Fræðslumiðstöð vestfjarða og Háskóla Íslands. Sett var að markmiði að ná þessum aðilum saman í eitt húsnæði með fyrirmynd af Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði. Gert var einnig ráð fyrir aðstöðu til fjarnáms og útleigu skrifstofurýmis. Fékk þessi aðstaða nafnið Skor, sem byggir að mestu leiti á útleigu á skrifstofurými fyrir stofnanir og einstaklinga. Í dag er það rekið af sveitarfélaginu með aðstöðu í byggingu framhaldsskólans á Patreksfirði. Eftir samtal við fulltrúa sveitafélagsins kemur í ljós að Skor hefur ekki verið að virka eins og lagt var upp með í byrjun, það hafa ekki margir sóst eftir því að fá þar aðstöðu. Fólk á ekki oft leið í bygginguna fyrir utan að eiga beint erindi við þá sem þar eru og því hefur flæðið ekki verið sem skyldi. Sveitafélagið hefur hug á að flytja starfsemina annað og vonar að með því verði Skor meiri nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð en það er í dag.

Sveitafélagið hefur nú þegar ákveðið húsnæði „Vatneyrarbúð“ í huga sem verið er að gera upp. Þetta er eitt af elstu húsum Patreksfjarðar á mjög góðum stað og vonir standa til að það verði tilbúið á þessu ári (2020) og þá mun öll starfsemi Skorar flytja þangað. Hugmyndin er að á neðstu hæðinni verði

samfélagsmiðstöð en á efri hæðum verði skrifstofur og skrifstofurými til útleigu. Áhersla verði lögð á nýsköpun og rannsóknir innan fræðasamfélagsins. Fleiri af elstu húsum Patreksfjarðar standa við hlið Vatneyrarbúðar og vonir eru bundnar við að þau verði einnig nýtt undir starfsemi sem gæti tengst Skor á einhvern hátt og jafnvel orðið nokkurskonar „þróunarporp“. Að skapa þarna aðstöðu sem færir líf í bæinn og aðstöðu þar sem fólk getur komið saman til að eiga notalega stund, kynnast nýju fólki, fræða aðra og fá innblástur.

Um tíma var nokkur starfsemi í húsnæði sveitarfélagsins við höfnina á Patreksfirði sem flokka mætti með samfélagsmiðstöðvum en með lista og menningarháherslu og rekin undir heitinu „Húsið“. Sú starfsemi er hætt en nýjir aðilar að taka við sem ætla að hefja starfsemi í húsnæðinu.

Á Patreksfirði er mikið félagslíf og þar má einnig finna sundlaug, íþróttahús, félagsheimili, kaffi- og veitingahús sem hafa gengt hlutverki samfélagsmiðstöðva að einhverju leiti. Stjórnsýsluhúsið er einnig mikilvægur vettvangur og er sveitafélagið ný flutt inn í glæsilega aðstöðu með góðum aðbúnaði.

## Möguleikar

Á Patreksfirði eru margir möguleikar fyrir hendi og felast m.a. í því að hlúa að því sem fyrir er og bæta þá aðstöðu sem sveitafélagið hefur yfir að ráða. Með því að flytja Skor í nýtt húsnæði og byggja upp aðstöðu sem nýtist íbúunum betur, en sú aðstaða sem Skor hefur yfir að ráða í dag, opnast möguleikar fyrir öflugra nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð í hjarta bæjarins. Sveitafélagið hefur lagt sitt af mörkum til að það geti orðið og hefur ýmis plön í þá veru til framtíðar. Einnig er mikilvægt að styðja áfram við einkaframtakið, því það er oft sá drifkraftur sem þarf til nýsköpunar. Gott samstarf á milli aðila er mikilvægur þáttur til framfara og þar liggja einnig miklir möguleikar.

## Niðurstaða

Mikilvægt er að hafa vettvang þar sem fólk getur komið saman, því félagslegi þátturinn í öllum samfélögum er mjög mikilvægur. Að fyrir hendi sé aðstaða til að hittast og skiptast á skoðunum, fræða aðra, fræðast, fá innblástur og miðla efni til annarra. Slík aðstaða eða vettvangur getur getið af sér frjóan jarðveg sem eflir nýsköpun og samvinnu íbúana. Slík aðstaða eða vettvangur getur haglega skapað störf en til þess að það sé gerlegt þarf tryggt fjármagn, því í litlum samfélögum er illa gerlegt að reka slíka aðstöðu á viðskiptalegum grunni. Slík uppbygging þarf að vera studd fjárhagslega af ríki og sveitarfélögum til að hún geti skilað því sem henni er ætlað.

## Bíldudalur




(Mynd: Haukur Sigurðsson)

### Staðan í dag

Bíldudalur er minni byggðakjarninn í Vesturbyggð með 208 íbúa 1. janúar árið 2019 sem er nokkur fækkun frá árinu 2018, en þá voru þeir 225. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru nokkrar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá 2011 hefur íbúum Bíldudals fjölgað nokkuð til ársins 2019. Þó má sjá nokkra fækkun á milli 2018 og 2019.

Á Bíldudal hefur verið mikill uppgangur í atvinnulífinu sem hefur eftt byggðalagi til mikilla muna. En á Bíldudal er ekki eiginleg samfélagsmiðstöð en veitingahúsið Vegamót hefur virkað sem slík, því fólk kemur mikið þangað til að hittast og skiptast á skoðunum.

Eftir samtal við fulltrúa íbúasamtakana kom í ljós að það er mikill vilji fyrir eiginlegri samfélagsmiðstöð á Bíldudal af hálfu íbúana. Sveitafélagið hefur ekki enn sem komið er nein plön um að koma á slíkri miðstöð. Telja íbúarnir það mikilvægt fyrir nærsamfélagið að hafa aðgang að samfélagsmiðstöð með aðgengi fyrir alla. Þó svo að Vegamót sé í dag einhversskonar samfélagsmiðstöð þá er þar einnig veitingahús og verslun með aðeins aðrar áherslur en hugmyndir um eiginlega samfélagsmiðstöð ganga útá. Bæjarbúar eru mjög ánægðir með Vegamót sem slík, en hlutverk samfélagsmiðstöðvar byggir samt sem áður á annarri hugmyndafræði og er á örðum grunni. Á Bíldudal er öflugt félags- og tónlistarlíf, þar er félagsheimili þar sem haldnar eru mismunandi uppákomur, íþróttahús með heitum potti og Skrímslasetrið þar sem hægt er að leigja aðstöðu fyrir viðburði o.fl. allt virkar þetta sem einhversskonar samfélagsmiðstöðvar.



### Möguleikar

Möguleikarnir felast í vilja íbúana og aðkomu þeirra að stofnun samfélagsmiðstöðvar. Á Bíldudal er húsnaði fyrir slíka starfsemi frekar aðgengilegt, bara spurning um fjármagn eins og á öðrum minni

stöðum. Bílddælingar hafa í raun alla burði til að stofna sína eigin samfélagsmiðstöð með stuðningi frá sveitafélaginu.

## Niðurstaða

Í Vesturbyggð eru í dag allavega tvær nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar staðsettar á Patreksfirði. Þær eru hugsaðar fyrir allt sveitafélagið en frá Bíldudal yfir til Patreksfjarðar er yfir fjallveg að fara og finnst mörgum það vera ákveðin hindrun, sérstaklega yfir vetrartímamann og almenningssamgöngur frekar takmarkaðar. Að hafa samfélagsmiðstöð í nærumhverfinu er íbúunum mikilvægt, sérstaklega í fjölkjarnasveitafélögum þar sem áherslan á félagslega þáttinn er oft meiri en annarstaðar og getur það einnig verið hvatning fyrir íbúana til nýsköpunar. Til þess að stofna slíka miðstöð/stöðvar þarf fjármagn og stuðning sveitafélagsins, það gildir það sama hér og á öðrum minni stöðum að rekstur slíkra stöðva er ómögulegur eða allavega illmögulegur á viðskiptalegum grunni einum saman.

## Tálknafjörður




(Mynd: Haukur Sigurðsson)

## Staðan í dag

Tálknafjörður er sveitafélag á sunnanverðum Vestfjörðum með 258 íbúa 1. janúar árið 2019 og er það aukning frá árinu 2018, en þá voru þeir 244. Flestir íbúana búa í þéttbýliskjarnanum Tálknafirði. Ef þróun síðustu tíu ára er skoðuð kemur í ljós að það eru lítilsháttar sveiflur á milli ára á þessu tímabili eins og sért á meðfylgjandi súluriti, en frá 2011 hefur íbúum Tálknafjarðar fækkað nokkuð til ársins 2019. Þó má greina fjölgun á milli árana 2017 og 2019.

Á Tálknafirði er í dag eitt einkarekið þróunar- og/eða nýsköpunarsetur starfandi, Þinghóll þar sem hægt er að fá leigt skrifstofupláss eða skrifstofurými. Miðstöðin er ný flutt í nýtt húsnæði og er meiningin að leggja áherslu á meiri nýsköpun og þá sérstaklega



innan sjávarútvegs með nýtingu á blautrými. Þinghóll var ráðgjafabjónusta í sjávertengdum greinum en er það ekki lengur, eftir flutning í nýtt húsnæði er laust rými til staðar til útleigu með möguleikum á blautrými fyrir sjávertengda starfsemi.

Eiginleg samfélagsmiðstöð er ekki til staðar en eftir samtali við fulltrúa sveitafélagsins kom í ljós að það er mikill vilji fyrir því innan sveitafélagsins að stofna eða styðja við stofnun slíkrar miðstöðvar. Ýmsar hugmyndir hafa verið viðraðar varðandi húsnæði og form en ekki hafa átt sér stað, enn sem komið er, neinar formlegar viðræður, hvorki við eigendur húsnæðisins né hugsanlega rekstraraðila. Á Tálknafirði er öflugt félagslíf eins og á öðrum stöðum á Vestfjörðum. Þar er félagsmiðstöð, samkomuhús, bókasafn, sundlaug, íþróttahús, verslun og veitinga- og kaffihús og má kannski segja að allir þessir staðir virki sem einhversskonar samfélagsmiðstöðvar, því fólk er duglegt að sækja þessa staði og þær uppkomur sem haldnar eru hverju sinni.

## Möguleikar

Möguleikar á að setja á fót samfélagsmiðstöð eru til staðar, þar sem áhugi fyrir stofnun slíkra miðstöðva er fyrir hendi af hálfu sveitafélagsins. Hugsanlega mætti nýta þá aðstöðu og það húsnæði sem fyrir er undir slíka starfsemi og jafnvel horfa til bókasafnsins og hvernig bókasöfn hafa þróast í dag frá því að vera hljóðlaus söfn til þess að vera samfélagsmiðstöðvar iðandi af lífi.

## Niðurstaða

Eins og áður segir er á Tálknafirði í dag ekki starfandi nein eiginleg samfélagsmiðstöð en þar sem vilji er fyrir hendi eru alltaf möguleikar. Fyrsta skrefið er samvinna á milli aðila bæði innan atvinnulífs, sveitafélagsins og íbúana fyrir slíkri stofnun. Öflugt og frjótt samfélag byggir á vilja íbúana og hvað þeir telja að sé þeim sjálfum fyrir bestu. Einnig er mikilvægt að eiga gott samstarf við önnur sveitafélög og aðrar miðstöðvar á svæðinu til samfélagsefningar og nýsköpunar sem kemur öllum til góða.

## Kostnaðargreining

Hér verður fjallað í stuttu máli um hvaða kostnaðaliði þarf að hafa í huga við stofnun og rekstur mismunandi forma nýsköpunar- og/eða samfélagsmiðstöðva. Einnig verður velt upp hugmyndum um fjármögnunarleiðir eftir mismunandi rekstrarformi ef mið er tekið af því hvort miðstöðvarnar séu reknar sem einkaframtak, sjálfseignastofnun eða á vegum sveitafélaga. Auðvitað hefur stærð og umfang mikið að segja um kostnað og fjármagnspörf. Hér verður miðað við þær stöðvar sem nú þegar eru starfandi og komin reynsla á rekstur þeirra. Kostnaði verður skipt upp í stofnkostnað og rekstrarkostnað á ársgrundvelli. Ekki verður farið nákvæmlega í smáatriði því stöðvarnar eru mis stórar og umfangsmiklar. Vöxtur þeirra byggir á afkomu og rekstri.

Stofnkostnaður felst í þeim sameiginlega búnaði sem þarf þ.e. skrifstofubúnaður og því sem honum fylgir, búnaður fyrir fundaraðstöðu s.s. fjarfundabúnaður, skjáir o.s.frv.

Rekstrarkostnaður felst í rekstri húsnæðis, rafmagn og hiti, viðhaldi eigna og búnaðar, síma- og netkostnaði, húsaleigu og starfsmannahaldi.

- **Stofnkostnaður** liggur á bilinu 3-10 milljónir.
- **Rekstrarkostnaður** liggur á bilinu 12-20 milljónir.

Til að halda utan um rekstur nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva þarf að minnsta kosti eitt stöðugildi. Ef miðað er við þær kröfur sem gera þarf til rekstraraðila slíkra miðstöðva verður að vera hægt að greiða

samkeppnishæf laun. Viðkomandi aðili þarf að hafa góða menntun og reynslu af rekstri. Ekki væri óraunhæft að gera ráð fyrir launakostnaði á milli 8-12 milljóna á ári.

Tekjur byggja á innkomu stöðvanna í formi leigu og nýtingu rýmis, framlögum stofnenda sjálfseignastofnunar, framlögum opinberra aðila ásamt verkefnastyrkjum.

- **Leigutekjur** geta sjaldan orðið miklar þar sem samfélögin eru frekar smá og nýtingamöguleikar oft takmarkaðir.
- **Verkefnastyrkir** geta orðið töluverðir þar sem mikið fjármagn liggur oft í sjóðum bæði innan- sem og utanlands. Til að sækja þetta fjármagn þarf oft mikla reynslu við umsóknargerð og þekkingu á sjóðaumhvervinu. Einnig þarf að vera til staðar fjármagn þar sem flestir sjóðir gera kröfu um eigið framlag.
- **Ná langtímasamningum** við ríki og sveitafélög um rekstur verkefna eða málaflokks er ekki auðsótt og krefst þekkingar á stjórnsýslu og pólitísku starfi. Framlög gætu orðið umtalsverðir fjármunir ef málefnið fær brautargengi hjá viðkomandi stofnun eða sveitafélagi.
- **Stofnframlag** sjálfseignastofnunar byggir á framlagi frá fjárfestum, atvinnulífinu og opinberum aðilum.

Starfsemi slíkra miðstöðva snýst ekki bara um krónur og aura heldur einnig um áhrif þeirra á samfélagið, bæði óbein og bein. Hvernig á að mæla og meta vinnuframlag þeirra sem koma óbeint að þessum miðstöðum og góðvilja út í samfélaginu. Það má ekki gleyma samfélagsfrumkvöðlunum sem oft leggja mikið af mörkum á óeigingjarnan hátt ásamt íbúunum sjálfum, sem koma að ýmsum verkefnum tengdum þeim í sjálfboðavinnu. Oft á tíðum eru einnig mjög óraunhæfar hugmyndir um styrki og styrkveitingar og gleymist stundum hversu mikil samkeppni er á þeim vettvangi. Ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að verkefnastyrkir séu stór hluti af tekjuöflun miðstöðvanna. Samfélagslegi og félagslegi þátturinn er í lykilhlutverki og er erfitt að meta hann til tekna eða kostnaðar. Færa má rök fyrir því að ef vel er á málum haldið sé rekstur svona miðstöðva lyftistöng fyrir samfélagið og getur leitt af sér jákvæða byggðapróun og aukna fjölbreytni í atvinnulífinu.

## Lokaorð

Á Vestfjörðum býr fólk sem hefur þurft að takast á við ýmisleg atvinnutengd áföll eins og allir vita sem eitthvað fylgjast með. Einhæfni atvinnulífs hefur verið vestfirðingum oft fjötur um fót, þar sem nánast eingöngu er byggt á einni atvinnugrein þ.e. sjávarútvegi, öll eggin í sömu körfunni. Stjórnvöld eiga stóran þátt í því hvernig fór, með því að setja af stað kerfi sem ekki var nægilega úthugað eða útfært, með þeim afleiðingum að flest sjávarplássin á Vestfjörðum misstu lífsviðurværið sitt, íbúarnir misstu vinnuna og þeir sem það gátu fluttu burt. Þetta er ekki falleg saga en vestfirðingar eru harðir af sér og nú hafa þeir snúið vörn í sókn með nýsköpun og nýjum atvinnumöguleikum.

Einn liður í þessari sókn er að starfrækja nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar þar sem fólk fær skjól og aðstöðu til að þróa nýja atvinnutengda og félagslega þætti sem stuðla að nýsköpun og framþróun svæðisins. Mikilvægt er að geta fengið afnot af aðstöðu til tilrauna og vöruþróunar án þess að þurfa að fjárfesta mikið í öllu því sem þarf til að hefja framleiðslu og rekstur, kostnaði sem óvíst er að skili sér til baka og getur virkað hamlandi. Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar geta einnig sinnt ýmsri þjónustu fyrir sveitarfélög og fyrirtæki á þeim svæðum þar sem dregið hefur verið úr þjónustutilboðum við íbúana. Einnig geta slíkar miðstöðvar verið vettvangur fyrir deilipjónustu íbúa.

Hér að ofan hefur verið fjallað um þá möguleika sem nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar gefa byggðalögum á Vestfjörðum og þau félagslegu og samfélagslegu áhrif sem þær hafa. Það má vel færa rök fyrir því að nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar eru nauðsynlegar litlum dreifðum byggðalögum til hvatningar fyrir íbúana bæði á sviði nýsköpunar og samfélagslegrar. Það má einnig segja að þær séu mjög stór liður í jákvæðri byggðaþróun sem hvetur til áframhaldandi búsetu, eflingu nýrra atvinnutækifæra og samvinnu íbúana.

Eitt ber þó að hafa í huga og það er, að það er ekki vænlegt til vinnings að stofna eins stöðvar í öllum byggðakjörnum um alla Vestfirði, eiginlega alls ekki æskilegt. Niðurstaða þessarar greiningar og heimsóknar á svæðin er sú, að æskilegast væri að efla þær sem fyrir eru og hvetja til samvinnu og að stöðvarnar séu sem fjölbreyttastar með mismunandi áherslur sem nýttust sem best fyrir alla Vestfirði. Í dag eru starfandi að minsta kosti fimm stöðvar sem allar eru með mismunandi áherslur, sem efla viðkomandi svæði og gefa mikið tilefni til aukins samstarfs á milli svæða. Aftur á móti má segja að samfélagsmiðstöðvar í einhverju formi séu mikilvægar í öllum samfélögum hvort heldur sem er lítil eða stór.

Til þess að nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar nái að dafna, verða sem öflugastar og geti gengt hlutverki sínu eins og til er ætlast, þarf sterkt og stöðugt fjármagn. Fjármagn sem lítil samfélög hafa ekki bolmagn til að skaffa ein og sér, þau þurfa utanaðkomandi aðstoð frá stjórnvöldum. Hægt er með góðu mót að fullyrða að það fjármagn sem stjórnvöld leggja til, til stofnunar slíkra miðstöðva skilar sér margfalt til baka út í samfélagið. Færa má gild rök fyrir því að fjármagni sem varið er í uppbyggingu á nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðum sé vel varið í þágu samfélagsins og atvinnuuppbyggingar. Rök sem byggja á viðtölum við íbúana, fulltrúa sveitarfélaga og atvinnurekenda og heimsóknum sem farið var í vegna þessa verkefnis og samtölum við þá sem nú þegar koma að eða reka slíkar miðstöðvar. Öflug nýsköpun og kröftugt samfélag er lykillinn að jákvæðri byggðaþróun og gefur von um bjarta framtíð byggðalaga á Vestfjörðum.

## Stutt yfirlit yfir aðstöðu í starfandi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvum á Vestfjörðum

Nafn miðstöðvar	Banka-þjónusta	Skrifstofu-aðstaða	Póst-þjónusta	Þjónusta fyrir sveitarfélagið	Aðstaða til nýsköpunar	Bókasafnsþjónusta	Samfélags-aðstaða	Aðstaða til viðburðahalds
Blábankinn Þingeyri	x	x	x	x	x	x	x	x
Skor Patreksfirði		x		x				
Próunarsetrið á Hólmavík		x		x	x		x	x
Djúpið í Bolungarvík		x		x	x		x	x
Vestrahúsið Ísafirði		x			x		x	x
Þinghóll Tálknafirði		x			x		x	x

## Heimildir:

Allar myndir eru eftir Hauk Sigurðsson.

Heimildir um íbúafjöld og íbúapróun eru fengnar á vef Hagstofu Íslands.

Aðrar heimildir eru munnlegar eftir samtöl, símtöl og heimsóknir í alla þéttbýliskjarna á Vestfjörðum. Einnig eru heimildir fengnar frá meðlimum ráðgjafahóps verkefnisins. Ráðgjafahópurinn samanstendur af fjórum einstaklingum sem hafa bein tengsl eða reynslu af stofnun og reksturs nýsköpunar- og samfélagsmiðstöða á Vestfjörðum. Til að fá sem fjölbreyttasta mynd var valið í hópinn út frá fjórum þáttum þ.e. sveitastjórnar, einkareksturs, stofnenda og notenda og sjálfseignarstofnunar.

### **Skýrsluhöfundur og verkefnisstjóri:**

Agnes Arnardóttir, verkefnisstjóri Vestfjarðastofu

### **Samráðshópur:**

Arnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Blábankans

Aron Ingi Guðmundsson, eigandi Húsið-Creative Space

Hafdís Sturlaugsdóttir, einn af stofnendum Þróunarsetursins á Hólmavík

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur